




Bókasafn Verkenntaskólans á Akureyri

Yfirlit um starfsemi.
Fylgir ársskýrslu 2017



Þessar bækur voru keyptar fyrir andvirði peninga sem söfnuðust á bókamarkaði bókasafns VMA.

Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri

Yfirlit um starfsemi. Fylgir ársskýrslu 2017

Starfstími:

Starfstími safnsins hefst um miðjan ágúst á haustin og endar viku eftir skólalok á vorin. Starfsdagur er frá 8.00 til 18.00 á virkum dögum, 8.00 til 15.00 á föstudögum.

Fastir starfsmenn eru tveir, í einni og 75% stöðu. Auk þess unnu nemendur 8 klst á viku.

Starfsfólk safnsins í vetur:

Fanney Edda Felixdóttir nemandi,

Mjöll Sigurdís Magnúsdóttir nemandi,

Hildur Friðriksdóttir framhaldsskólakennari

Sigríður Sigurðardóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur

Hildur byrjaði í haust og tók við af Rannveigu Karlsdóttur.

Notendahópur:

Fyrst og fremst nemendur og starfsfólk skólans. Safnkostur VMA er skráður í Gegni, sem er samskrá bókasafna á Íslandi. Öðru hvoru er leitað til bókasafnsins með beiðnir um að fá rit að láni eða að fá sendar skannaðar blaðsíður úr ritum sem eru til hér á safninu. Þetta kallast millisafnalán. Einnig fær bókasafn VMA lánað frá öðrum söfnum, einkum Amtsbókasafninu.

Bæði nemendur og kennarar notfæra sér þennan möguleika.

Aðstaða og safnkostur:

Starfsfólk bókasafnsins telur að ný námskrá og breyttir kennsluhættir hafi áhrif á starf safnsins og vinnu nemenda á safninu. Það verður vert rannsóknarefni að fylgjast með því á næstunni og skrá það hér í Fréttabréfið þegar fram líða stundir.

Þess má þó geta að starfsfólki safnsins sýnist sem gamall safnkostur, sem lítið hefur hreyfst í nokkur ár sé aftur kominn í umferð og tengist vinnu í nýjum áföngum sem kenndir eru samkvæmt nýrri námskrá.

Safnkostur samanstendur af bókum, tímaritum og geisladiskum. Prentari með skanna er staðsettur á bókasafninu og plöstudunarvél. Af tækjum og tólum má nefna lesbretti til útláns og talgervil, sem lánaður er eingöngu innan skólans. Þrjár upptökuvélar hafa lengi verið til á safninu. Eðlilega hefur eftirspurnin minnkað eftir því sem símarnir verða þróaðri og með betri upptökumöguleikum. Lánaðar eru út reiknivélar. Stöku sinnum eru símar og spjaldtölvur teknar í hleðslu. Mismunandi hleðslumöguleikar gætu nýst vel á safninu. Nokkur heyrnartól eru til og eru mikið notuð. Fjöltengjum hefur verið fjölgað á safninu. Núna hefur einnig netloftnetum verið fjölgað og eftir þennan vetur er líklega hægt að tengjast netinu alls staðar á safninu án vandkvæða.

Lesborð á safni eru fyrir 39, auk 21 í lesstofu og 8 í tímaritahorni. Aðstaða við tölvur er fyrir 41. Á vormánuðum 2016 bættust við þrjú lítil hópvinnumborð. En slík borð nýtast betur en áður.

Lesstofan hefur verið æ meira notuð í seinni tíð. Trúlega er það vegna þess að sífellt fleiri hópar vinna á safninu og þeirri vinnu fylgir klíður, sem sumum finnst þægilegur en öðrum ekki. Það er hægt að fá lánuð lesljós hjá starfsfólki safnsins og festa við lesborðin. Fyrir nokkrum árum stóð nemendafélagið fyrir því að settar voru upp dagsbirtuperur í loftið.

Tímarit og árbækur (sem fylgja oft félagsaðild) í áskrift eru 35, að auki berast tímarit endurgjaldslaust. Tímaritin er flest keypt að ósk kennara. Þau eru aðgengileg á bókasafninu um tíma áður en þau fara á deildirnar.

Fréttablöð í áskrift eru Bændablaðið, Fréttablaðið, Morgunblaðið (sem fylgir áskriftinni að gagnagrunninum), Stundin og Vikudagur. Öll þessi blöð eru mikið lesin.

Hvar.is:

Landsaðgangur að rafrænum áskriftum - hvar.is veitir öllum sem tengjast netinu um íslenskar netveitur aðgang að heildartexta tímaritsgreina úr um 20 þús. tímaritum og þar af tæplega 4.900 tímaritum beint frá útgefendum. Ríflega 200 aðilar greiða fyrir aðganginn, þar á meðal bókasöfn framhaldsskóla.

Í vetur fóru bókasöfnin í VMA og Tækniskólanum fram á að reiknilíkanið fyrir greiðslu að Landsaðgangi yrði endurskoðað og kostnaðurinn miðaðist frekar við nemendaígildi heldur en nemendafjölda, samkvæmt tölum frá Hagstofu. Þetta mál er í vinnslu.

Skráning bóka og tímarita:

Frá áramótum 2017 er nýtt efni eingöngu tengt í Gegni en ekki í Mikromarc, upprunalega skráningakerfið. Það verður þó notað eitthvað áfram því að safnkosturinn er ekki allur tengdur í Gegni. Byrjað var að tengja íslensku tímaritin í Gegni í vetur. Um áramót var einnig byrjað að lána safnkost út í útlánakerfi Gegnis.

Helstu rökin fyrir því að ekki hefur verið innleitt útlánakerfi Gegnis fyrr, er að meiri hluti safnsins er frystur inni á skólatíma og ekki lánaður út, þ.a.l. er ekki mikið um tölvuútlán.

Síðan útlánakerfið var tekið upp hafa útlán til kennara verið að mestu rafræn, einnig langtímalán nemenda. Mikið lánast út af bókum innan skólans til nemenda en það er ekki rafrænt.

Geymsla:

Nokkur safnkostur er í kjallaranum. Um er að ræða tvítök tímarita, sem mikið eru notuð og gott að grípa til ef ekki næst í eintökin sem eiga að vera uppi. Einnig eru í kössum bækur og tímarit sem ekki er talið að liggi á að fá upp en nauðsynlegt að hafa við hendina. Þá er heilmikið efni sem bíður þess tíma að stund gefist til frágangs. Þar á meðal er safn Elsu E. Guðjónsson.

Stundum er skemmtilegt að bera saman nýtt og gamalt kennslufni

Tölvustofurnar og tölvumál:

Litla tölvustofan (15 tölvur) er einkum hugsuð fyrir nemendur sem eru að vinna utan kennslustunda. B02 (22 tölvur) er pöntuð af kennurum í gegnum Innu og notuð t.d. þegar kennari kemur með hóp til að vinna á safninu eða kenna. Ef hún er laus er nemendum boðið að vinna þar.

Á vormánuðum fór starfsfólk bókasafnsins í heimsókn í Oddeyrarskóla til að kynna sér tölvuaðgang nemenda og kennara þar. Í Oddeyrarskóla er búið að taka upp Google-aðgang og Chrome tölvur og verður það væntanlega tekið upp í VMA næsta haust. Hugsanlega verður hleðsluvagn með Chrome tölvum á bókasafni VMA í framtíðinni og þá munu nemendur geta fengið lánaðaðar tölvur innan skólans. En þetta mun tíminn leiða í ljós.

Skólayfirvöld fengu bókasafnið til að safna saman upplýsingum um turnitin forritið og sambærileg forrit, kostnaðarhlið og reynslusögur. Með það í huga að taka hugsanlega upp notkun á einu slíku forriti hér í skólanum. Niðurstöður voru sendar til skólayfirvalda VMA.

Námsráðgjafar:

Þeir hafa hillu á safninu þar sem liggja frammi gögn fyrir nemendur um framhaldsnám.

Verkefnavinna og útlán:

Nemendur og kennarar nýta safnið vel. Nemendur nota lausar stundir og vinna. Einnig koma nemendur með kennurum sínum til að vinna verkefni bæði úr gögnum safnsins og til að finna heimildir á netinu. Nýting safnkostsins byggist á miklu samstarfi kennara og starfsfólks safnsins. Kennari afhendir verkefnalista og starfsfólk safnsins tíni til heimildir, sem nemendur nota á safninu. Til að heimildirnar nýtist sem flestum, eru þær ekki lánaðar út nema um helgar og á kvöldin. Nemendur hafa verið duglegir að nýta sér það. Kennarar fá einnig lánaða bókavagna í kennslustofur. Það hefur stundum verið vegna plássleysis á safninu en einnig vegna þess að einfaldara er að halda utan um hópinn í kennslustofunni.

Heimildirnar eru geymdar á bókavögnum og í merktum hillum.

Snúið er að telja útlán heimilda sem notaðar eru á safni og í kennslustofum. Bókavagnar hlaðnir bókum fara í kennsluálmur, eru þar í nokkrar vikur og nýtast mörgum hópum t.d. í sögu og íslensku. Þær eru ekki skráðar rafrænt út eða þær eru skráðar aðeins einu sinni. Á safninu eru sérstakir vagnar og verkefnahillur með heimildum, t.d. fyrir sjúkraliða, líffræðiáfangu og íþróttir.

Heimildirnar eru ekki lánaðar út og teljast þá ekki með í tölulegum upplýsingum um útlán. Á vorönn voru u.þ.b. 1188 bækur skráðar á heimildalista. Auk þess eru áfangar sem nota safnið og heimildir mikið en taka þær ekki út af safninu. Það er t.d. í áföngum eins og kvikmyndafræði og íþróttasögu.

Rafræn útlán hafa aukist. Ástæður geta verið fleiri en það er áberandi hvað meira lánast út af skáldsögum sem tengjast náminu.

Grisjun:

Erfitt er að grisja á safni sem heldur utan um safnkost fyrir svo fjölbreytt starfssvið.

Tímarit eru ekki öll komin inn á timarit.is og er því gott að geta gripið til þeirra í hillunum.

Misauðvelt er að finna myndir eftir listamenn á netinu og bækurnar bjarga okkur enn.

Ótrúlega oft er leitað að gömlum kennslubókum til að finna dæmi, skýringarmyndir eða ná í hugmyndir að verkefnum.

Gamalt efni til samanburðar við það nýja er líka nauðsynlegt.

Öðru hvoru hefur starfsfólkið kallað til fagkennara til að gefa leiðbeiningar um grisjunina. Það er betra að grisjun sé í samráði við kennara í hverju fagi fyrir sig.

Í vetur hefur grisjunin einkum beinst að „plastumslögum“ góðu. En það eru heimildabunkar í plastumslögum sem geyma ljósrit, úrklippur, útprent, bæklinga o.fl. sem tengjast verkefnum sem unnin hafa verið í gegnum tíðina. Heimildabunkarnir eru frá því að safnið varð til, til dagsins í dag og geyma upplýsingar um hugtök sem voru glæný á þeim tímapunkti. Nú er ekki lengur ástæða til að halda upp á þetta. Góðar heimildir finnast á vefsíðum og í gagnagrunnum. Þetta eru upplýsingar um efni eins og alnæmi, einelti, árattu- og þráhyggjuröskun, lystarstol, skólaleiða, lesblindu og fleiri hugtök sem einu sinni voru alveg ný og ekki auðvelt að finna heimildir um, enda rafrænir gagnabankar ekki enn til.

DVD-diskar:

Ekki er lengur hægt að nota DVD-diskana nema í sárafáum tölvm skólans. Best væri ef bókasafnið hefði eina - tvær gamlar tölur sem nemendur, kennarar og starfsfólk safnsins hefðu aðgang að í einhvern tíma eða þangað til allt efni á diskum er komið inn á myndbandþjóninn. Þróun og breytingar gerast svo hratt að það er engan veginn hægt að uppfæra jafn hratt allt efni sem í notkun er og þarf að vera aðgangur að. Einnig hefur peningaleysi hamlað og tafið fyrir endurnýjun efnis.

Fyrirsjáanlegt er að allt efni, sem kennarar vilja eiga og sem er á DVD diskum fari inn á myndbandaþjón VMA eða á USB-lykla.

Samstarf:

Upplýsing er Félag bókasafns- og upplýsingafræða. Félagið hefur staðið fyrir reglulegum fræðslufundum í Reykjavík á veturna en þá er ekki einfalt fyrir fólk utan af landi að sækja fundi. Nokkrir félagar á Akureyri, m.a. frá VMA, höfðu því samband við Upplýsingu og fengu styrk til að boða til fræðslufundar á Akureyri í maí. Áhugi var á kynningu á FabLabinu á Akureyri, sem staðsett er í Verkmenntaskólanum. Jón Þór Sigurðsson verkefnastjóri FabLabsins tók erindinu vel og tók á móti 18 manns frá bókasöfnum á Eyjafjarðarsvæðinu í klukkutíma kynningu föstudaginn 19. maí. Á eftir drukkum við kaffi á bókasafninu og gæddum okkur á dýrindis köku með. Við köllum þessar uppákomur „Daginn okkar“ :



Vefsíða safnsins:

Það sem einkum er notað á henni eru tenglar í gagnagrunna, einnig sérvaldir tenglar fyrir námsgreinar. Starfsfólk safnsins notar listana mikið.

Safnkennsla:

Allir nýnemar eru teknir í safnkennslu í lífsleiknitíma snemma á haustönn. Þá fá þeir örkennslu og gera verkefni. Nokkrir hópar eldri nemenda hafa á hverri önn fengið leiðsögn í upplýsingalæsi, sem er kennsla í meðferð heimilda og vinnu við þær. Einnig kennsla í notkun gagnagrunna, íslenskra og erlendra. Það er gert að ósk kennara og í tengslum við ritgerðavinnu.

Nokkrir kennarar of starfsfólk safnsins settu saman leiðbeiningar fyrir nemendur skólans fyrir ritgerðarvinnu og vista á síðu bókasafnsins:

<https://www.vma.is/is/moya/page/leidbeiningar-fyrir-heimildavinnu-i-vma>

Sýningar, kynningar og bókamarkaðir:

Bókamarkaðir, þar sem í boði eru bækur sem bókasafnið telur sig ekki hafa not fyrir eru haldnir reglulega. Þá kostar bókin 50 – 100 krónur og safnast fyrir góðum handbókum í staðinn.

Grunnskólakynningin:

Einn viðkomustaður grunnskólanemenda var bókasafnið þar sem þau þurftu að leysa gátu til að fá stimpil. Vonandi hefur bókasafnið verið góð kynning fyrir einhverja tilvonandi nemendur skólans.

Hugleiðingar um framtíðina á bókasafni VMA:

Í skóla með fjölbreytni eins og í VMA er safnkosturinn mikill og húsnæðisþörfin samkvæmt því. Það er t.d. betra að bækur og tímarit séu aðgengileg í hillum en ekki í kössum í geymslu í kjallara. Starfsemi og umsvif safnsins hefur breyst mikið síðan það var stofnað 1987.

Það hefur orðið innrás (jákvæð merking hér) tækja á bókasafnið. Þau tæki sem nú eru á bókasafninu eru ljósritunarfél, prentari, skanni, tölvur, DVD-spilarar, fartölvur, plöstunarfél, brennari, sjónvarp, upptökuvélar, lesbretti, talgervill.....

Þetta, meðal annars, hefur breytt starfssviði starfsfólksins mikið og er hluti starfsins nú kennsla í upplýsingalæsi og leiðbeiningar við tækjanotkun.

Það er metnaðarmál starfsfólksins, hvort sem um er að ræða bóknám eða verknám að mennta nemendur þannig að þeir séu vel upplýsingalæsir þegar þeir útskrifast úr skólanum.

Tækjavæðing öll kallar á fjölbreyttari nýtingu húsnæðis.

Tveir stækkunarmöguleikar hafa verið nefndir til sögunnar. Annars vegar stækkun upp á þak, hins vegar stækkun í suður. Nánari umfjöllun um báða þessa valkosti, jákvæð og neikvæð, er ekki rædd hér en vísað til upplýsinga annars staðar.

Með breyttum kennsluháttum og nýjum áföngum búum við okkur undir það að notkun bóka og tímarita geti breyst og jafnvel horfum við til þess að breyta fyrirkomulagi húsnæðisins í takt við nýtt kennsluform og áherslur. Það verður þörfin og tíminn að leiða í ljós. Í haust koma vonandi kennarar í tölvustofuna B02 og skoða gagnagrunna og meðferð heimilda. Kennarar hafa tekið vel í það að fagfundir yrðu notaðir til að skoða upplýsingalæsisvefi og grunna. Vonandi ganga þessar fyrirætlanir eftir.

Eitt er víst og hefur verið sagt oft áður : Bókasafnið mun aldrei þrífast nema til komi gott samstarf við starfsfólk skólans.

Tengill safnsins er: <http://www.vma.is/is/thjonusta/bokasafn>



**„Google getur fundið fyrir þig 100.000 svör,
bókasafnið finnur rétta svarið fyrir þig.“**

Neil Gaiman rithöfundur

**Bókasafn VMA
2017**